

Víðidalstunga II: Fréttir janúar 2010

Þá er komið fram í janúar, ótrúlegt hvað tíminn líður hratt. Daginn farið að lengja svo það fer að vera hægt að ríða út þegar tími gefst til fyrir öðrum verkum sem þarf að sinna og teljast mikilvægari. Það er alltaf nóg af mikilvægum verkefnum sem er bara gott. Nokkur hross eru komin á járn auk þess sem nokkur eru að heiman eða eru að fara að heiman í tamningu og þjálfun.

Fanney og Kardináli



Þau sem eru komin inn er Kraftur, Rökkvi, Prins, Sóldögg og Pia. Svo er Álfrún heima síðan hún kom úr framtamningunni á Hólum og erum við sérlega ánægð með hana. Þessar hryssur eru efnilegar og til að þær fái markvissa tamningu er ætlunin að þær fari í frekara nám hjá fólki sem vonandi hefur takmarkalausan tíma til tamninga.

Stjörnunótt kom heim í frí en er að fara aftur til Fanneyjar og Loga í Hrísum. Kardináli er enn hjá þeim og hefur staðið sig vel í tamningunni.

Fleiri koma svo á hús fljótlega því Ingvar er að fara á járnanganámskeið og ætlar að fara með einhverja til að járna á námskeiðinu.

Folöldin eru enn úti með mæðrum sínum en verða tekin inn fljótlega. Ekki er annað að sjá en þau hafi það fint í góða veðrinu.

Veturgömlu trippin og folaldsmerarnar eru sér og fá hey eins og þau geta í sig látið.



Enginn má vera að því að líta upp fyrir myndatökuna.



Caroline kom í heimsókn til að hvíla sig á vetrarveðrinu í Þýskalandi ;)

Hér er hún að prófa Prins sem er jafngamall og Miðill hennar (fæddur 2003). Prins er mjög góður hestur með allar gangtegundir góðar. Hann er undan Aski frá Kanastöðum og er til sölu.

Caroline tók þessa mynd af okkur á þeim Krafti og Sóldögg. Líklega bara eina myndin sem er til af okkur saman.....alla vega saman á hestbaki!





Kraftur og Prins



Von (F: Eldur frá Stóra-Höfi)

